



Reykjavík, 11. desember 2025

USK25090141

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa umhverfisgæða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. september 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Lagt er til að hætt verði við að færa grenndargámana sem standa við Straum yfir í Streng í Ártúnsholti. Greinargerð fylgir tillögu.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 17. september 2025.

Greinargerð fylgdi tillögunni:

Sú tilhögun hefur valdið mikilli óánægju íbúa enda hafa þeir réttilega bent á að þeir skapi aukna umferð í miðju hverfinu. Auk þess munu þeir standa nánast við hliðina á tveimur leikskólum og grunnskóla. Þetta var kynnt í hverfisSKIPULAGI Árbæjarhverfis árið 2019 við mikla andstöðu íbúa án þess að tekið hafi verið tillit til þess.

Umsögn:

Við undirbúning á endurgerð grenndarstöðvar við Streng sl. sumar barst nokkur fjöldi athugasemda við framkvæmdina. Í kjölfarið var framkvæmdum frestað til að meta forsendur og skoða mögulegar útfærslur.

Staðsetning við Streng byggir á óskum íbúa sem fram komu í samráði við skipulagsgerð. Á auglýsingatíma bárust fimm athugasemdir. Í svari skipulagsfulltrúa segir að staðsetningin samræmdist markmiðum um grenndarþjónustu í göngufæri skv. aðalskipulagi og samþykkt um meðhöndlun úrgangs, um staðsetningu á áberandi stöðum. Fjarlægðir í göngupveranir sem og leik- og grunnskóla eru ásættanlegar.


Aðrir valkostir voru skoðaðir, m.a. djúpgámar á grassvæði vestan stórbílastæðis. Slík framkvæmd krefst samþykkis Veitna og jarðvegsskipta við 132 kV strengi, með mikilli óvissu í tíma og kostnaði (43–53 milljónir kr.). Til samanburðar eru yfirborðsframkvæmdir á bilinu 4–8 milljónir kr., með mögulegum viðbótarkostnaði 10–15 milljónir kr. ef aka þarf



Reykjavík



yfir strengi. Aðrar staðsetningar, t.d. við Kistuhyl eða í Straumi austanverðum, uppfylla ekki 500 m viðmið aðalskipulags. Mynd 1 sýnir valkosti við Streng og megin fjarlægðir.



Mynd 1 Einföld mynd sem sýnir valkosti við Streng. Stöð með djúpgámum (blár kassi), fyrirhuguð framkvæmd (brúnn kassi)

Núverandi staðsetning við Straum uppfyllir fjarlægðarmörk að undanskildum syðsta hluta Ártúnsholts. Aðkoma gangandi að stöðinni er ófullnægjandi, þó hraðahindrun og eyju hafi verið komið fyrir. Stöðin er á stórbílastæði sem er víkjandi á hverfaskipulagi, en ekki liggja fyrir áform eða tímasetningar á breytttri notkun.

Niðurstaða skoðunar er að ákjósanleg staðsetning grenndarstöðvar til að þjónusta íbúa í Ártúnsholti sé við Streng eins og gildandi skipulag gerir ráð fyrir. Hagkvæmast er að byggja stöð á yfirborði. Næsti kostur er stöð með djúpgámum sem er dýrari kostur og háður samþykki og tímasetningum Veitna. Reynist ekki unnt að byggja upp stöð við Streng getur núverandi stöð við Straum þjónað sem tímabundin ráðstöfun uns fyrir liggur hvernig ráðstöfun stórbílastæðis við Straum verður.

Skrifstofa umhverfisgæða

Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík